

Nd.

122. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá meiri hlutanum.

Nefndin hefir ihugað mál þetta rækilega á mörgum fundum, allir nefndar-

mennirnir. Svo fór þó að lokum, að þrír nefndarmenn treystust eigi til þess, að fylgjast með meiri hlutanum. Gera þeir grein fyrir ástæðum sínum í sérstöku nefndarálitni, og skal því eigi hjer farið frekar út í það í hverju ágreiningurinn felst, heldur að eins skýrt frá niðurstöðu meiri hlutans og ástæðum fyrir henni.

Eins og ástæður stjórnarinnar, sem frumvarpinu fylgja, bera með sjer, lá mál þetta fyrir Alþingi 1913. Var málið tekið til meðferðar í báðum deildum og fjell svo við 3. umr. í neðri deild með litlum atkvæðamun.

Meiri hlutinn felst á þá skoðun, sem virðist hafa verið ríkjandi á þinginu 1913 og hjá stjórninni, að þörf sje á löggjöf um sparísjóði. Sparísjóðum hefir fjölgað á síðustu árum og fje það, sem þeim er trúað fyrir, eykst óðfluga ár frá ári; aukningin skiftir miljónum á stuttu árabili. Sýnir þetta það hvortveggja, að velmegun eykst í landinu og að menn eru farnir að hafa hug á því, að leggja fyrir til geymslu af aflafje sínu. Þá viðleitni ber löggjafarvaldinu að styðja, svo sem því verður við komið.

Eitt ráðið, til þess að styðja þessa viðleitni, er að tryggja sem best, að fyrirkomulagi og starfsháttum sparísjóðanna sje þannig hagað, að menn fá það traust á þeim, að óhætt sje að trúa þeim fyrir fje sínu. Að þessu teljum vjer miða frumvarp það, sem fyrir deildinni liggur, og viljum vjer því ráða deildinni til að samþykkja það, en þó með talsverðum breytingum.

Aðalhlutverk sparísjóðanna er að taka við fje manna til geymslu og ávaxta það á sem tryggastan hátt. En reynslan hefir sýnt það hjer á landi, að vegna hins ófullkomna bankafyrirkomulags í landinu, hafa sparísjóðirnir getað gert mikið gagn með því að vera jafnframt lánsstofnanir fyrir hjeraðsbúa, hver í sínu hjeraði. Þessa starfsemi sparísjóðanna má eigi hefta að nauðsynjalausu. Það mundi baka landsmönnum alt of tilfinnanleg óþægindi. En einmitt af þessari ástæðu verður því nauðsynlegra, að þess sje krafist af sparísjóðunum, að þeir starfi eftir fyrirfram ákveðnum reglum og sjeu háðir nákvæmu eftirliti hins opinhera.

Því hefir að visu verið haldið fram af sumum, að þessi sparísjóðalöggjöf sje ótimabær. Sparísjóðirnir hafi starfað eftirlitslaust af hálfu hins opinbera hingað til og ekkert eða litið tjón af hlotist. Að visu liggja eigi fyrir svo nákvæmar skýrslur um starfsemi sparísjóða þeirra, sem starfað hafa í landinu hingað til, að nokkuð ákveðið verði fullyrt um þetta atriði, hvorki til nje frá. Eitthvað mun þó hafa þótt ábótavant einstöku sparísjóðum; tjón geta þegar hafa orðið, án þess komin sjeu fram í dagsbirtuna og tjón geta orðið á hverri stundu. En auk þess, sem slík sparísjóðalöggjöf mun auka traust á sparísjóðunum hjá almenningi, og þar með hvetja menn til frekari sparísjóðainnlaga, þá getur það eigi skoðast löggjöfinni óskýlt að gera ráðstafanir, til þess að fyrirbyggja að tjón geti hlotist í þessu efni, að »þyrgja brunninn áður en barnið dettur í hann«. Og það mun mega fullyrða, enda sýnir reynslan það í öðrum löndum, að eftir því sem sparísjóðirnir stækka, vex hættan á að tjón verði.

Það hefir nú vakað fyrir oss, að reyna að koma lagafrumv. í það horf, að tryggingarákvæðin verði sem haldbest, án þess þó að hefta um of starfsemi sparísjóðanna sem lánsstofnana í sínu hjeraði. Að þessu miða flestar breytingar-tillögur vorar.

Að stefnan ætti að vera þessi, voru allir nefndarmenn sammála um. Það, sem aðallega greindi á um, var það, hvort þörf væri á umsjónarmanni eða eigi.

Meiri hlutinn er eindregið þeirrar skoðunar, að ekki verði náð tilgangi laganna, nema jafnframt sje sjeð fyrir sjerstöku eftirliti, með því að ákvæðum laganna sje fylgt og eftirliti með starfsemi sparisjóðanna yfirleitt. Og meiri hlutinn álítur að þessu eftirliti verði best fyrir komið í höndum eins manns, sem hafi eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu.

Það, sem meiri hlutinn byggir þessa skoðun sína á, er í stuttu máli það, sem hjer segir:

Það sem öryggi sparisjóðanna verður að byggjast á, er m. a. það, að öll bókfærsla sje með heppilegu fyrirkomulagi, regluleg og áreiðanleg; að fylgt sje ákveðnum reglum um lánveitingar, innborganir og útborganir, vörslu sjóðfjárins og afskifti starfsmanna af störfum sjóðsins; að gengið sje lögformlega frá öllum skjölum sparisjóðsins, skuldbindingum og tryggingarbrjefum lántakenda, og þeim haldið í fullu gildi; að tryggingar fyrir lánnum sjeu góðar.

Um 3 atriðin, sem fyrst voru talin, er engin vafi, að þau eru jafnáriðandi sem hið síðasttalda. En þar þarf einmitt stöðugt, að minsta kosti árlegt eftirlit, og til þess þarf nokkuð hæfan bankamañn. Ef þessi maður er einn og sami, maður fyrir alt landið, þá getur hann komið á og haldið við samræmi í þessum greinum milli allra sparisjóða í landinu, en það er talsvert þýðingarmikið atriði. Auk þess fær hann smátt og smátt svo góða æfingu í að líta eftir, að hann sjer fljótar og glöggar, ef einhverjir misbrestir eru, heldur en vænta mætti af fleiri eftirlitsmönnum, ef það ráð væri tekið, að láta marga menn hafa eftirlitið á hendi, hvern með fáum sparisjóðum. Auk þessa mun slíkur maður hafa skilyrði til þess, að geta dæmt talsvert glögt um tryggingar fyrir lánnum, þótt eigi væri hann persónulega kunnugur lántakendum og ábyrgðarmönnum. Slíkir menn fá fljótt æfingu í því, að finna á ýmsum ytri merkjum hvort ástæða sje að gruna um að trygging sje eigi nægileg (t. d. lánað hátt út á 2. veðrjett eða 3. veðrjett í fasteign, sömu menn í mörgum ábyrgðum, samflæktir í ábyrgðir o. s. frv.), og munu þá ganga úr skugga um það, hvort nokkuð sje þar athugavert. Hann stendur oft betur að vígi en innanhjeraðsmenn bæði að sjá galla og kippa þeim í lag, með því að hann verður venjulega ekkert við þá riðinn, sem við sjóðinn eiga skifti eða við hann starfa.

Meiri hlutinn leggur því til að haldið sje að mestu fyrirkomulagi því um eftirlitið, sem gert er ráð fyrir í stjórnafrumv. En meiri hlutinn álítur, að rjett sje að kostnaður við eftirlitið verði greiddur af almanna fje, og vill því sleppa sparisjóðunum við árgjald það, sem frumv. gerir ráð fyrir, enda kæmi það fullhart niður á sparisjóðunum.

Meiri hlutinn álítur ekki rjett að heimila, að sparisjóðir sjeu hlutafjelags-eign. Hlutafjelög eru eftir almennri málvenju nefnd fjelög með takmarkaðri ábyrgð. En slíkt teljum vjer afaróheppilegt og ekki geta samrýmst hugsun þeirri, er liggur bak við frumv. þetta.

Að öðru leyti þykir eigi þörf á, að fara út í einstakar breytingartillögur nefndarinnar, enda mun gerð nokkuð frekari grein fyrir þeim í framsögu málsins.

Alþingi 16. júlí 1914.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

M. J. Kristjánsson.

Sveinn Björnsson,
skrifari og framsögumaður.

Matth. Ólafsson.